

Vigdís Finnbogadóttir



Stefán Hörður Grímsson



Þorsteinn frá Hamri



Jóhann Hjálmarsson



Vladimir Sichov

Russes vus par Vladimir Sichov, sem komið hefur út á allmörgum tungumálum, þar á meðal norsku, sænsku og ensku: The Russians (Little, Brown & Company, 1981). Bókin, sem er löngu uppseld á öllum málum, er óvenjulega opinská og nærfærin lýsing á daglegu lífi í Sovétríkjunum sem útlendingum er aldrei gefið færi á að sjá eða kynnast af eigin raun — lífi á rússneskum heimilum og samyrkjubúum, í strætum og húsasundum stórborga, í verksmiðjum og herbúðum, í óhugnanlegum fangabúðum og geðveikrahælum sovésku leyniþjónustunnar, KGB, í kirkjum og heimkynnum útskúfaðra lista- og vísindamanna.

Sérkennilegur og mjög persónulegur myndstíll Vladimirs Sichov hefur gert hann einhvern virtasta og eftirsóttasta ljósmyndara Evrópu nú um stundir.



Sigurður A. Magnússon

## Hal Calbom og Phil Davies

Höfundar myndarinnar Iceland Crucible eru bandarískir kvikmyndagerðarmenn, sem átta sinnum hafa verið sæmdir hinum eftirsóttu Emmy-verðlaunum, sem veitt eru fyrir framúrskarandi sjónvarpsþætti. Þeir eru báðir búsettir í Seattle í Washintonfylki og starfa þar.

Hal Colbom stundaði nám í stjórnmálafræðum og síðar enskum bókmenntum og naut margra virðulegra styrkja, var m.a. National Merit Scholar, Great Book Scholar og Frank Knox Fellow. Hann lauk BA-prófi í stjórnmálafræðum frá Harvard College árið 1971 og MA-prófi í enskum bókmenntum frá háskólanum í Exeter í Englandi árið 1976. Að námi loknu starfaði hann sem fréttamaður, höfundur og framleiðandi sjónvarpsþátta. Eftir átta ára starf hjá NBC, gerðist hann sjálfstæður rithöfundur og kvikmyndaframleiðandi í félagi við Phil Davies.

Phil Davies lauk BA-prófi í fjölmiðlafræðum frá The Evergreen State College árið 1974. Eftir það starfaði hann um sinn sem fréttaljósmyndari og síðan kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi hjá NBC. Á þeim árum var hann átta sinnum sæmdur Emmy-verðlaununum. Síðan 1983 hefur hann starfað sjálfstætt í félagi við Hal Calbom að gerð kvikmynda og myndbanda fyrir sjónvarp og einkafyrirtæki.

## Sigurður A. Magnússon

Sigurður hefur samið nokkrar bækur á ensku, auk fjölmargra á íslensku, m.a. Northern Sphinx — Iceland and the Icelanders from the Settlement to the Present (1977 og 1984) og Stallion of the North — The Unique Story of the Iceland Horse (1978), sem komið hefur út á sjö tungumálum. Þá þýddi hann og ritstýrði The Postwar Poetry of Iceland (University of Iowa Press, 1982) og ritstýrði og gaf út Icelandic Writing Today (1982).

Skáldsaga hans, Undir kalstjörnu, hefur komið út á þýsku, Unter frostigem Stern, (1984), og ensku, Under a Dead Star (1985). Ljóð hans, smásögur og bókmenntagreinar hafa birst í safnritum og tímaritum á Norðurlöndum öllum, í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Hollandi, Grikklandi, Ítalíu, Spáni, Indlandi, Mexíkó, Bandaríkjunum og Kanada.


GRJÓTGRINDUR
Á FLESTAR TEGUNDIR BIFREIÐA



KVORT KÝST ÞÚ GAT EÐA GRIND?



Eigum á lager sérhannaðar grjótgrindur á yfir 50 tegundir bifreiða!
Ásetning á staðnum



SÉRHÆFÐIR Í FIAT OG CITROEN VIÐGERÐUM
BIFREIÐA VERKSTÆÐIÐ
SKEMMUVEGI 4 KÓPAVOGI SÍMI 7 78 40
Knastás

COLAS
LÍM-OG ÞÉTTIEFNI



Til margra verka

Skeljungsbúðin
Síðumúla 33
símar 81722 og 38125

gorenje
SKANDINAVIEN
Gæða ísskápar



Gorenje HDS 201 K rúmar 260 lítra. Þar af er 185 lítra kælir og 65 lítra djúpfrystir. Sjálfvirk afþrysting. Hæð 138 sm. Breidd 60 sm. Dýpt 60 sm.
Sami gæðaflokkur og ísskápar í mun hærri verðflokkum.

Verð aðeins kr. 18.525 stgr.

Gorenje ísskáparnir eru að sjálfsögðu með hinu viðurkennda Danfoss kælikerfi.

Gunnar Ásgeirsson hf.
Suðurlandsbraut 16 Sími 91 35200

Góðir afborgunarskilmálar.
Látið ekki happ úr hendi sleppa.